

7. bekkur tónmennt

Kennarar: Ólafía Linberg Jensdóttir

Lýsing

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat, þar sem lögð er áhersla á að kynnast og njóta menningar. Nemendur fá að tjá sig og allir hafa hæfileika til að skapa.

Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna og nemendur eiga að þekkja hljóðfæri og hlóðblæ í tónsköpum og hlustun.

Í tónmennt er unnið eftir hæfnimarkmiðum aðalnámskrár frá 2013.

Markmið

Lögð áhersla á tónlistarupplifun, hlustun, söng og hljóðfæraleik. Kynnast tónlist ólíkra menningarhópa.

Námsefni

Það er gaman að hlusta á framandi tónlist. Veraldarvefurinn.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla, innlögn, hlustun, áhorf, samvinna, umræður.

Námsmat

Símat, virkni og þátttaka í kennslustundum. Metið út frá hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár Grunnskólanna.

Tónmennt fyrir 5.- 7. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Tónmennt fyrir 5.- 7. bekk - Tónmennt

- Greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun.
- Tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það.
- Greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni.
- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra.
- Greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana.
- Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk.
- Greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstílbrigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr.